

Alþingi

Eriindi nr. Þ 115 / 1999

komudagur 27 / 4 1992

DÓMARAFÉLAG ÍSLANDS

Skógarhlið 6
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 1992

Efni: Umsögn um frumvarp til skaðabótalaga

Allsherjarnefnd Alþingis hefur með bréfi, dags. 31. mars sl., sent Dómarafélagi Íslands ofangreint frumvarp til umsagnar, og vísast til þess.

Stjórn Dómarafélags Íslands fagnar því að stefnt skuli að því að setja almennar reglur á sviði skaðabótaréttar utan samninga með lögum. Skaðabótarétturinn er að mestu leyti byggður á ólögmlættum reglum og styðst mjög við iðkun dómstóla. Þessi háttur á mótun og þróun þessa mikilvæga réttarsviðs hefur að langmestu leyti gefist vel, þannig að ekki eru efni til að setja lagareglur um skaðabótaréttinn í heild, enda er ekki stefnt að því með frumvarpinu. Dómstólum eru takmörk sett þegar upp kemur þörf á að breyta rétti vegna þeirrar verkaskiptingar valdþáttanna sem stjórnarskráin mælir fyrir um. Dómstólar fylgja fordæmum og réttur sem dómstólar móta þróast þannig að nýr dómur leggur nýjan stein í þá byggingu sem lagður hefur verið grunnur að með fyrri dómum. Þegar réttarreglur hafa náð vissri festu með þessum hætti er mjög á brattann að sækja að breyta þeim með dómsúrlausnum. Réttur sem dómstólar móta breytist því hægt, og hugar en samfélagið sem hann á að þjóna. Vegna þjóðfélagsbreytinga, viðhorfsbreytinga og af ýmsum ástæðum, sem of langt mál er að rekja, er íslenskur skaðabótaréttur kominn í vissar ógöngur á þeim sviðum sem frumvarpið tekur til. Þess er ekki að vanta að dómstólar geti komið á nauðsynlegum réttarbótum, enda er það almennt á sviði löggjafans.

Gott dæmi til skýringar er sá vandi sem 24.gr. frumvarpsins er ætlað að leysa. Greinin felur í sér almenna lækkunarheimild bótafjárhæða. Þegar maður veldur mjög yfirgripsmiklu tjóni með með einföldu gáleysi mæla sterk rök oft með því að ekki verði lögð á hann svo þungbær skaðabótaskylda að hann fái ekki undir risið. Að óbreyttum lögum eru vandkvæði á að koma til móts við þess konar sjónarmið sökum þeirrar meginreglu að tjónþoli eigi að fá allt sitt tjón bætt frá þeim sem ber ábyrgð á því.

Stjórnarmenn hafa fylgst með og tekið þátt í umræðum um frumvarpið og uppgjorsreglur váttryggingafélaga, einkum á fundum sem Lögfræðingafélag Íslands hefur efnt til um þessi efni. Þar hefur komið fram ákveðin gagnrýni frá einstökum lögmonnum á þær breytingar sem frumvarpið boðar, svo sem um að miða við fjárhagslegt örorkumat í stað læknisfræðilegs. Vegna þeirrar gagnrýni vill stjórn Dómarafélags Íslands taka fram að hún telur það meginhlutverk sitt varðandi umsagnir um lagafrumvörp að vekja athygli á því sem betur mætti fara og sérstaklega að gæta að því að nýmæli falli vel að grundvallarsjónarmiðum um réttarfar.

Örorkumat er í framkvæmd grundvallarsönnunargagn um örorkutjón. Á þessum grundvelli byggjast áætlanir um skerðingu á starfsgetu í framtíðinni. Í umræðum lækna og lögfræðinga á undanförnum árum hefur það orðið ljóst, sem a.m.k. sumir höfðu ekki gert sér grein fyrir áður, að læknisfræðileg örorka er þannig metin að hún mælir oftast illa raunverulega starfsorkuskerðingu þar sem ýmis önnur veigamikil atriði orka á matið. Það er því að mati stjórnarinnar hafið yfir allan efa að mikil réttarbót muni verða að því að aðilum veitist kostur á að afla matsgerða þar sem eingöngu er leitast við að mæla skerðingu á starfsgetu.

Annað gagnrýnisatriði beinist gegn ákvæðum 3. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 8. gr. um að batur greiðist ekki ef örorka telst minni en 15%. Stjórninni er kunnugt um að þessi gagnrýni hefur fengið hljómgrunn meðal félagsmanna og annarra lagamanna. Varðandi þetta efni vill hún þó vekja athygli á eftirfarandi:


Þessi ákvæði þýða engan veginn að þeir sem undir greinina falla fái engar batur eftir frumvarpinu. Þau eiga einvörðungu við örorkubatur, en ekki batur fyrir atvinnutjón, þjáningar og mein. Tiltölulega sjaldgæft er að örorkustig sé áætlað á bilinu milli 10% og 15% og ekkert hefur komið fram um að breyting eigi að verða á því, þannig að reglan mun væntanlega oftast þýða í framkvæmd að 10% örorka og þaðan af minni veiti ekki rétt til örorkubóta. Reglan byggist á athugunum sem benda til að örorka undir 15% leiði yfirleitt ekki til raunverulegrar skerðingar á vinnutekjum. Má því segja að svo lágt örorkumat veiti ekki næga sönnun fyrir því að tjónþoli muni missa starfsorku til frambúðar. Á það má benda að þetta ákvæði, eins og önnur ákvæði frumvarpsins, er í góðu samræmi við rétt nágrannaþjóða, en með vaxandi samskiptum vex mikilvægi þess að samræmis gæti í löggjöf.


Stjórnin telur frumvarpið sérlega vandað að allri gerð og unnið af þeirri bestu þekkingu sem völ er á. Þær réttarbatur sem í frumvarpinu felast eru löngu tímabærar og mælir stjórnin því heils hugar með að það verði að lögum um leið og réttarfarsumbatur þær sem koma til framkvæmda 1. júlí nk.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Dómarafélags Íslands,

eftir sérstöku umboði


Valtýr Sigurðsson
formaður


Steingrímur Eður Kristjánsson
ritari

Til allsherjarnefndar Alþingis